

## Gæði, geymsla og aðgangur að gagnasöfnum

Viðauki 2 við rannsóknarstefnu Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar Háskólans á Hólum.

Deildin gerir sér grein fyrir þeirri miklu vinnu og peningum sem fara í að afla gagna. Það er því mikilvægt að geymsla og gæði gagnasafna sé tryggð og, þegar það á við, að gagnasöfn séu aðgengileg fyrir aðra vísindamenn. Verkefnisstjórar, og/eða leiðbeinenda nemenda, þurfa að tryggja að þau gögn sem aflað er í verkefnum þeirra séu af sem bestum gæðum. Í námsverkefnum ætti samkomulag um prófarkalestur og geymslu gagna, bæði á meðan á verkefni stendur og eftir að því er lokið, að fylgja sem viðauki við leiðbeiningasamning. Hér fyrir neðan eru verklagsreglur um bestu leiðir til að tryggja gæði gagna og geymslu þeirra.

### 1. Gæði gagna

- a. Ef það er mögulegt geymið gögn bæði sem stafræn gögn og á pappír.
- b. Takið reglulega stafrænt afrit af öllum feltbókum, t.d. í lok sýnatökuferða.
- c. Hafið „grunn“ gagnaskrá, þar sem að grunn gögn eru geymd áður en nokkrir útreikningar eða breytingar hafa farið fram.
- d. Útskýrið alla dálka í gagnasettum, þannig að hægt sé að skilja gagnaskrá, jafnvel mörgum árum eftir að rannsókn lýkur
- e. Þegar fleiri en einn slá inn gögn er mikilvægt að útbúnar séu skýrar verklagsreglur um hvernig gögn eru slegin inn.
- f. Sjáið til þess að allar gagnaskrár séu lesnar yfir til að lágmarka villur.
  - i. Pappírs og stafrænar skrár bornar saman.
  - ii. Gögn teiknuð upp til að leita að gildum er stinga í stúf.

### 2. Geymsla gagna

- a. Verkefnisstjórar ákveða hvenær gögn verða geymd á sameiginlegri gagnageymslu. Áður en gögn eru sett í slíka geymslu mun deildin bjóða upp á möguleika á að gögn séu geymd á sérstakækri gagnageymslu
- b. Þegar gögn eru sett í geymslu skulu verkefnisstjórar hlaða upp þremur skráum hið minnsta.
  - i. Grunn gagnaskrá(r)
  - ii. Skrá sem útskýrir gagnaskrána, þannig að utanaðkomandi skilji gagnaskrána
  - iii. Afrit af birtu efni, þar sem gögnin voru notuð
- c. Deildin mun viðhalda lista á heimasíðu deildarinnar um aðgengilegar gagnaskrár, þar sem fram koma upplýsingar um birtar greinar þar sem að gögnin voru nýtt, tenglar á utanaðkomandi geymslu gagnasafna í opnum aðgangi, auk upplýsinga um tengilið fyrir þá sem hafa áhuga á aðgang að gögnum.
- d. Verkefnisstjórar eru ábyrgir fyrir að þessi listi sé uppfærður.